

Jäggi gegn Sviss

Dómur frá 13. júlí 2006

Mál nr. 58757/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ákvörðun um faðerni. DNA-próf.

1. Málsatvik

Kærandi, Andreas Jäggi, er svissneskur ríkisborgari, fæddur 1939 og búsettur í Genf. Móðir hans krafðist viðurkenningar á faðerni frá meintum föður hans, AH, fyrir dómstól í Genf. Þeirri kröfu hafnaði dómstóllinn árið 1948. Eftir fæðingu kæranda lýsti móðir hans AH sem barnsföður sinn. Kæranda var komið í fóstur en fékk vitneskju um það frá móður sinni árið 1958 að AH væri faðir hans. Kærandi hélt því fram að hann hefði haft regluleg samskipti við AH og fengið gjafir frá honum auk mánaðarlegra greiðslna fram að því er kærandi varð lögráða. Fjölskylda AH hafnaði þessum fullyrðingum og AH neitaði alla tíð að gangast undir faðernispróf. Árið 1997 var hafnað kröfu kæranda um að fram færi fram faðernispróf. Sama ár greiddi hann leigu fyrir grafreit AH fram til ársins 2016. Árið 1999 fór kærandi fram á endurskoðun dómsniðurstöðunnar frá árinu 1948 og krafðist þess að gerð yrði DNA-rannsókn á líkamsleifum AH. Dómstólar höfðuð beiðninni. Sú niðurstaða var staðfest af áfrýjunardómstól með þeim rökum að kærandi sem þá var sextugur hefði náð að þroskast og mótast eðlilega þrátt fyrir óvissu um faðerni sitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að meina honum um að DNA-rannsókn færi fram á látnum manni í þeim tilgangi að staðreyna hvort viðkomandi hefði verið faðir hans hefði verið brotið á rétti hans samkvæmt sáttmálanum. Byggði hann á 8. gr. sáttmálans sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og jafnframt á 14. gr. hans um bann við mismunun.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að fólk hefði ríka hagsmuni af því að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áhugi manna á ætterni sínu og uppruna hyrfi ekki með aldrinum, heldur þvert á móti. Þá hefði kærandi alla ævi sýnt áhuga á því að komast að hinu rétta um faðerni sitt. Þó að engar læknisfræðilegar rannsóknir þess efnis lögju fyrir taldi dómstóllinn þessa óvissu hafa valdið kæranda miklu hugarangri. Hins vegar þyrfti að fara fram hagsmunamat í slíkum málum áður en fólk væri þröngvað til að gangast undir DNA-próf. Litið var til þess að við andmæli sín hefði fjölskylda AH hvorki vísað til trúar- né siðferðilegra ástæðna. Þá þótti taka DNA-sýnis úr látnum manni fremur lítið íþyngjandi úrræði. Sérstaklega var litið til þess að líkamsleifar AH hefðu verið grafnar upp árið 1997 ef kærandi hefði ekki borgað leigu fyrir grafreitinn og þess að réttur AH til að hvíla í friði væri í raun aðeins tímabundinn þar sem leigusamningurinn rynni út árið 2016. Það var einnig skoðun dómstólsins að einkalíf hins látna biði ekki hnekki vegna töku DNA-sýnis, þar sem slík beiðni var fyrst lögð fram eftir lát hans. Þá taldi dómstóllinn að réttur almennings til þess að búa ekki við réttaróvissu gæti ekki, einn og sér, staðið í vegi fyrir rétti kæranda til þess að komast að hinu sanna um uppruna sinn.

Það var því niðurstaða dómstólsins að með því að gera kæranda ómögulegt að afla DNA-sýnis úr AH hefði svissneska ríkið brotið gegn rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Jafnframt var það álit dómstólsins að 14. gr. sáttmálans kæmi ekki sérstaklega til skoðunar í málinu.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 4.299 evrur í málskostnað en talið var að dómsniðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.